# Snemmtækri íhlutun í málörvun leikskólabarna – undirbúningur undir lestur

VORRÁÐSTEFNA GREININGAR- OG RÁÐGJAFARSTÖÐVAR RÍKISINS
GRAND HÓTEL 12. 0G 13. MAÍ

ÁSTHILDUR BJ. SNORRADÓTTIR OG ANNA BORG HARÐARDÓTTIR

## Kveikjan

Leikskólakennarar á Norðurbergi hafa í mörg undanfarin ár haft áhyggjur af þróun mála í málþroska barna.

2013 fóru deildarstjórar á yngstu deildum leikskólans á námskeið hjá Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðingi, þar sem hún kynnti þróunarverkefni um Snemmtæka íhlutun í málþroska ungra barna, sem unnið var í samstarfi við leikskólann Akrasel á Akranesi.

Á þessu námskeiði var leitað eftir leikskólum í Hafnarfirði til að koma með í slíkt verkefni. Þetta kveikti í fyrrnefndum deildarstjórum sem sáu að þarna var á ferðinni efni/verkefni sem gæti hjálpað yngstu börnunum okkar verulega, í málþroska og bættri hegðun, ef þessi leið yrði valin.

## Verkefnið fer af stað

Ári seinna var farið af stað að undirbúa verkefnið. Stofnað var þróunarverkefnisteymi innan leikskólans með stjórnendum og deildarstjórum allra deilda.

Hulda P. Haraldsdóttir, deildarstjóri, var ráðin sem verkefnastjóri.

Ásthildur Bj. Snorradóttir kom inn sem handleiðari í verkefninu og sinnti jafnframt almennri fræðslu til starfsmanna og foreldra.

Foreldrar fengu fræðslu og reglubundna tölvupósta  með hvatningu um að lesa fyrir börnin á hverjum degi.

# Skilgreind málörvun fyrir tveggja-þriggja ára

( Ásthildur Bj. Snorradóttir,  Anney Ágústdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét þ. Jónsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, 2014)

Fræðilegur grunnur. Að byrgja brunninn/öll börn eiga rétt á kennslu við hæfi. Bíða og sjá til úrelt. Fræðsla

Skimun, greining, matslistar

Félagsfærni þjálfuð í gegnum leik

Bókaflokkun

Bjargir: Yfirlit yfir verkferla, spurningalisti fyrir foreldra ungra barna, bakgrunnsupplýsingar tví-eða fjöltyngdra barna, hagnýt ráð, leikur, boðskipti, málskilningur, máltjáning ungra barna, hugmyndir til að auka orðaforða, barnið undirbúið undir lestur, flokkun á málörvunarefni

Gátlistar/mat á árangri

# Aðgerðaráætlun

Markmið:

Að öll börn í leikskólanum Norðurbergi nái hámarksárangri hvað varðar mál og læsi í víðara samhengi. Stefnt er á að þessi undirbúningur í leikskólanum skili börnunum betur undirbúnum inn í fyrsta bekk grunnskóla og unnið sé í anda heildstæðrar skólastefnu. Lögð var áhersla á að hvert barn fengi íhlutun og kennslu við hæfi og að kennsla í grunnskóla byggi á niðurstöðum og kennslu frá leikskólum, þannig að komið verði í veg fyrir afturvirkt rof (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012) .

Unnið var eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun með áherslu á hámarksárangur allra nemenda hvað varðar mál og læsi

# Snemmtæk íhlutun

Fyrstu sex árin í lífi barns er hægt að hafa mikil óbein áhrif á starfsemi heilans þar sem starfsemi hans er á þessu tímabili mjög sveigjanleg og ósérhæfðari en síðar verður (Weitzman og Greenberg;2002;Tryggvi Sigurðsson, 2007).

Hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar gengur út á það að byrja nógu snemma með markvissa þjálfun eða kennslu til að draga úr námserfiðleikum eða jafnvel koma í veg fyrir þá.

Hægt að greina jákvæð áhrif þjálfunar á virkni heilastöðva með réttri örvun

# Lestur byggir á góðum málþroska



Undirbúningur lestrarnáms hefst mjög  snemma á æviskeiði barnsins. Barnið byrjar að undirbúa lestur um leið og það byrjar að hjala og mynda fyrstu hljóð, hljóðakeðjur

Hljóð og hljóðakeðjur þróast síðan í það að barnið lærir að mynda merkingarbær orð og  setningar

# Niðurstöður lestrarrannsókna

Árangursrík lestrarkennsla þarf að ýta undir fimm þætti:

Orðaforða

Tengsl stafs og hljóðs (umskráning)

Lesskilning (byggir á málskilningi)

Hljóðkerfisvitund

Lesfimi

(National Reading Panel, 2000; Sigrún V. Heimisdóttir og Vin Þorsteinsdóttir, 2009)

Hugmynd að vinnu út frá *Orðaskil- Orðaforðagátlista* fyrir þriggja ára gamalt barm

| Fólk,staðir, leikir, rútína | Nafnorð | Sagnorð | Lýsingarorð, fornöfn,flt | Smáorð, setningar |
|---|---|---|---|---|
| • fjölskylda/vinir<br>• leikskóli/nöfn<br>• nemendur og starfsmenn skóla<br>• heilsa, kveðja<br>• byrja, búinn<br>• takk fyrir daginn<br>• syngja<br>• má ég fá<br>• viltu leika<br>• hjálpa | • föt<br>• líkaminn<br>• matur<br>• Leikföng<br>• dýr<br>• farartæki<br>• staðir<br>• húsgögn<br>• algengir hlutir<br>• búsáhöld<br>• áhugamál | **Aðstæður**<br>• matarborð<br>• leikaðstæður<br>• fataklefi<br>• útivera<br>• baðherbergi<br>• búðarferð<br><br>**Einföld fyrirmæli**<br>• sitja<br>• horfa<br>• hlusta<br>• bíða<br>• Gera til skiptis<br>• muna | • líðan<br>• þarfir<br>• tilfinningar<br>• andstæður<br>• litir<br>• stærðarhugtök<br>• einn/margir<br><br>**Fornöfn**<br>• ég, þú, við<br>• hann, hún, við<br>• mitt. minn, mín<br>• hans, hennar | samtengingar<br>• og<br>• eða<br>• að<br>Eintala/fleirtala<br>• sokkur-sokkar<br>• bolti-boltar<br>Afstöðuhugtök<br>• Uppi á<br>• Undir<br><br>atviksorð<br>• strax, ekki<br>• eins<br>spurnarorð<br>• hvað, hver<br>• hvar |

# Hugmyndafræði Bínubókanna




Ásthildur Bj. Snorradóttir og Anna Borg Harðardóttir

# Að leggja grunninn í málörvun - sjálfstjórn

- Sitja, hlusta, horfa
- Bíða, passa hendur, passa fætur
- Sýna látbragð og bendingar
- Biðja um hluti á viðeigandi hátt („Má ég fá ? Viltu hjálpa mér")
- Gera til skiptis
- Sýna táknrænan leik
- Læra að setja sig í spor annarr
- Stjórna hegðun („Það er gaman að læ
- Hafa innsæi inn í eigin vanda
- Sameina athygli
- Geyma í minni það sem sagt er
- Herma eftir
- Geta haldið þræði í kennslu


Einu sinni var dúkka sem var kölluð Bína bálreiða. Hún var með rautt hár og miklar krullur. Bína var ekki alltaf reið. En stundum var hún reið af því að hún kunni ekki nógu vel að sitja á stól, hlusta, bíða, gera til skiptis og ýmislegt fleira mikilvægt.
Bína varð stundum svo reið að hún henti sér í gólfið og öskraði þegar hún vissi ekki hvernig hún átti að hegða sér.

(Monolson, 1992; Weitzman og Greenberg, 2002; Westby, 2006)

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Anna Borg Harðardóttir

# Ýmsir orðflokkar

Nafnorð – sagnorð – lýsingarorð – fornöfn - smáorð



# Ná athygli, skapa þörf, herma eftir hljóðum, skoða talfæri, Tákn með tali

Hlustun

Sameina athygli

Gera til skiptis

Úthald/einbeiting

Umbun

Leikur

„Stýrivirkni heilans“

(Executive function)



## *Flokkun á málörvunarefni*

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Anna Borg Harðardóttir

**Allt málörvunarefni er flokkað og litamerkt. Spil sem hentar til að þjálfa t.d. orðaforða og heyrnarminni fær bæði gulan og grænan punkt.**

**Dæmi um litaflokkun:**

**Setningafræði - blár**

**Málfræði - hvítur**

**Heyrnarminni - grænn**

**Hljóðkerfisvitund - appelsínugulur**

**Orðaforði - gulur**

**Almennur málskilningur - rauður**

## SAMLEIKUR/ FÉLAGSFÆRNI

**Aldur 2 – 3 ár**

1. Hefur barnið áhuga á að leika sér við aðra? (barn/fullorðinn)
2. Sækist barnið eftir því að hjálpa til við ýmis störf?
3. Á barnið frumkvæði að jákvæðum samskiptum?

**Aldur 3 – 4 ár**

1. Getur barnið fylgt reglum í leik sem fullorðinn stýrir?
2. Tekur barnið því að önnur börn sýni því áhuga sem það er sjálft upptekið af?
3. Getur barnið tekið leiðbeiningum með því að herma eftir öðrum?

**Aldur 4 – 5 ár**

1. Getur barnið tekið þátt í samleik í jafn langan tíma og jafnaldrar (20 - 30 mín.)?
2. Tekur barnið þátt í hlutverkaleik?
3. Fylgir barnið félagslegum leikreglum?

## TJÁSKIPTI/SAMSKIPTI

**Aldur 2 – 3 ár**

1. Lætur barnið að fyrra bragði í ljós þörf fyrir að tjá sig?
   Dæmi: með svipbrigðum, látbragði, orðum.
2. Tjáir barnið sig með orðum við aðra að eigin frumkvæði?
3. Getur barnið haldið uppi samræðum, stutta stund í einu (a.m.k. 3 mín.)?

**Aldur 3 – 4 ár**

1. Notar barnið málið í eðlilegu samhengi við það sem er að gerast?
2. Getur barnið haldið uppi samræðum í dálitla stund (a.m.k. 3-4 mín.)?
3. Getur barnið tjáð óskir sínar, tilfinningar og þarfir með orðum?

**Aldur 4 – 5 ár**

1. Er ákveðið samhengi í frásögnum barnsins?
2. Getur barnið tjáð sig skiljanlega og tekið svörum viðmælanda?
3. Getur barnið farið með stuttar vísur/gátur?

## ATHYGLI / EINBEITING

**Aldur 2 – 3 ár**

1. Getur barnið beint athygli að ákveðnu verkefni?
   Dæmi: púsla, mála, kubba.
2. Getur barnið haldið athygli við verkefni í dálitla stund (a.m.k. 3 mín.)?
3. Finnst barninu gaman að láta lesa fyrir sig?

**Aldur 3 – 4 ár**

1. Getur barnið haldið sig við sjálfvalið verkefni.
2. Getur barnið setið kyrrt á sínum stað ef til þess er ætlast?
3. Getur barnið beðið eftir að röðin komi að því án þess að missa athyglina?

**Aldur 4 – 5 ár**

1. Getur barnið haldið athygli við verkefni í lengri tíma (a.m.k. 20 - 30 mín)?
2. Getur barnið leikið sér án þess að trufla aðra?
3. Tekur barnið þátt í frjálsum leik líkt og jafnaldrar?

## MÁLSKILNINGUR

**Aldur 2 – 3 ár**

1. Getur barnið bent á algenga hluti?
   Dæmi: Bíll, dúkka, húfa, stóll, hús o.fl.
2. Fylgir barnið einföldum fyrirmælum:
   Dæmi: Settu kubbinn í kassann. Láttu bollann á borðið.
3. Getur barnið fundið réttan hlut þegar sagnorð eru notuð í fyrirmælum?
   Dæmi: Sýndu mér það sem við litum með. Úr hverju drekkum við?

**Aldur 3 – 4 ár**

1. Getur barnið flokkað hluti eftir yfirhugtökum?
   Dæmi: föt, leikföng, matur, dýr.
2. Skilur barnið setningar sem innihalda forsetningar?
   Dæmi: Settu bílinn undir stólinn. Settu kubbinn upp á borð
3. Þekkir barnið minnst þrjú til fjögur litaheiti?

**Aldur 4 – 5 ár**

1. Skilur barnið stigbreytingu lýsingarorða? Hér er átt við hvort barnið átti sig á orðum yfir samanburð s.s. stór, minni, stærstur.
2. Skilur barnið málsgreinar með neitun í aukasetningu? (Sjá handbók)
3. Getur barnið útskýrt orð yfir algenga hluti? Hvað er bók? Hvað er litur?

## MÁLVITUND

**Aldur 2 – 3 ár**

1. Sýnir barnið áhuga þegar þið skoðið saman myndabækur?
2. Tekur barnið þátt í leikjum með rím og stuttar þulur?
3. Tekur barnið þátt í söngstundum?

**Aldur 3 – 4 ár**

1. Man barnið rímleiki og söngva sem oft er farið í?
2. Tekur barnið þátt í að ríma?
3. Getur barnið með hjálp mynda greint mun á líkum orðum?

**Aldur 4 – 5 ár**

1. Kann barnið að ríma?
2. Getur barnið aðgreint fyrsta hljóð í orðum?
3. Getur barnið skrifað nafnið/gælunafnið sitt?

## FRAMBURÐUR

**Aldur 2 – 3 ár**

1. Er tiltölulega auðvelt að skilja barnið?
2. Getur barnið borið fram orð með /m/, /n/, /b/, /d/, /l/
3. Ber barnið orð yfirleitt skýrt fram?

**Aldur 3 – 4 ár**

1. Getur barnið borið fram /k/, /g/ rétt í orðum?
   Dæmi: koddi, kaka, gott, egg
2. Notar barnið /s/, /f/, og /v/ rétt fremst í orðum?
   Dæmi: sól, fáni, vinur.
3. Getur barnið borið fram öll atkvæði í þriggja atkvæða orðum?
   Dæmi: löggubíll, litabók, afmæli.

**Aldur 4 – 5 ár**

1. Getur barnið borið rétt fram samhljóðaklasa í orðum?
   Dæmi: ljón, klukka, veski, blóm, hlaupa.
2. Ber barnið /s/ hljóðið rétt fram?
3. Ber barnið /r/ hljóðið rétt fram?




## ORÐAFORÐI

**Aldur 2 – 3 ár**

1. Notar barnið algeng orð yfir hluti?
   Dæmi: bolli, skór, húfa.
2. Notar barnið algeng sagnorð?
   Dæmi: moka, detta, sofa, taka.
3. Notar barnið fornafn þegar það talar um sjálft sig?
   Dæmi: ég, mig, mitt, mín.

**Aldur 3 – 4 ár**

1. Notar barnið nafnorð í fleirtölu?
   Dæmi: bíll-bílar, stelpa-stelpur.
2. Notar barnið spurnarorð?
   Dæmi: Hvar, hver, hvað.
3. Notar barnið þátíð sagna?
   Dæmi: borða - borðaði, keyra - keyraði.

**Aldur 4 – 5 ár**

1. Notar barnið litaheiti með nafnorðum?
   Dæmi: rauður bíll, gult hús.
2. Er barnið farið að nota yfirhugtök í töluðu máli?
   Dæmi: (hús)dýr, útiföt, matur.
3. Notar barnið orð yfir form, stærð og fjölda?
   Dæmi; hringur, stórt, lítið, tveir, margir.

## SETNINGAMYNDUN

**Aldur 2 – 3 ár**

1. Notar barnið tveggja til þriggja orða setningar (yrðingar)?
   Dæmi: Mamma koma. Illt í maga.
2. Er barnið farið að spyrja spurninga (með hljómfalli eða orðum)?
   Dæmi: Hvað þetta (Ka etta)?. Maggi koma?
3. Notar barnið yrðingar með nei eða ekki?
   Dæmi: Ekki fara út. Má ekki taka bílinn.

**Aldur 3 – 4 ár**

1. Getur barnið myndað allt að fjögurra orða setningu með réttri orðaröð?
2. Notar barnið forsetningar í setningum?
   Dæmi: í, á, undir, fyrir aftan, uppi.
3. Er barnið farið að tengja saman setningar með *og/ en*?
   Dæmi: Ég hafa bláu kubbana en þú rauðu.

**Aldur 4 – 5 ár**

1. Er barnið farið að nota hvernig og af hverju/hvers vegna spurningar?
2. Getur barnið myndað setningar um það sem hefur gerst eða getur gerst?
3. Notar barnið af því að setningar?

# Skilgreiningar í málörvun

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir, 2005




| | |
|---|---|
| Hlustun<br>Heyrnræn<br>úrvinnsla | Orðaforði<br>Einfaldur<br>Flókinn |
| Málfræði | Setningar |
| Frásagnir | Boðskipti |
| Hljóðkerfi | Talfæri |
| Skráning | Formáli |

# Að búa til skipulag – málörvun Leiðsögn talmeinafræðings

## Stýritáknin hennar Bínu

◦ Sitja, passa hendur, hlusta, horfa, tala, bíða, gera til skiptis, muna

## Skipulag: verkefni, röð, val, umbun - Markmið

◦ Fyrst – svo – síðan. Sjónrænar vísbendingar: Hlusta, spila/leika, bók, muna

## Athafnir, tilfinningar, líðan, nám

◦ Tala um tilfinningar. Hjálpa barninu að fá innsæi inn í eigin vanda.

## Barnið veit hvenær tíminn byrjar og endar

◦ Heilsa og kveðja

◦ Fara yfir skipulagið

- Rifja upp hvað var gert/endurtekning (byrja, búinn)

◦ **Læra heima: Ráðgjöf/samskipti við foreldra**

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Heilsugæslan (Brigance og Peds)
Bréf með niðurstöðum

Heyrnar -og talmeinastöð

Sérkennsla/stuðningur í leikskóla
Gátlistar/bakgrunnsupplýsingar

Viðtal við foreldra, ákvörðun um viðeigandi athugunarferla eða prófanir/skimanir

Íhlutun/einstaklingsáætlun

Viðeigandi sérfræðiþjónusta/greiningarteymi

Þroska- og hegðunarstöð/Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins



Ásthildur Bj. Snorradóttir og
Bjartey Sigurðardóttir


Þjálfaður lestur
Sjálfvirkni
Að lesa orð
Skilningur
Málþroski - málskilningur
Forsenda lesturs

# Handbók

**Helstu þættir:**

- ✓Aðalnámskrá leikskóla –mál og lestur
- ✓Fræðileg umfjöllun – snemmtæk íhlutu
- ✓Verkferlar – gátlistar –ferilmöppur
- ✓Umgjörð um leikskólastarfið Hlutverk sérkennslustjóra - stuðningur
- ✓Prófanir, málörvunarefni
- ✓Mismunandi aðferðir: Tákn með tali, TEEACH, atferlismótun, PECS
- ✓Tvítyngi/fjöltyngi Móttökuáætlun
- ✓Málörvun-undirbúningur undir lestur (þættir sem hafa áhrif á lestur)
- ✓Málþættir – uppbygging málörvunarstunda
- ✓Bókaflokkun – flokkun á málörvunarefni
- ✓Sérfræðiþjónusta, einstaklingsáætlun
- ✓Skráning – mat á árangri
- ✓Leikur og nám - spjaldtölvur
- ✓Mikilvægi þess að lesa fyrir börn
- ✓Foreldrasamstarf


Leikskólinn Norðurberg 2016

# Leikskólinn Norðurberg

Leikskólinn Norðurberg er staðsettur í norðurbæ Hafnarfjarðar og tók til starfa 16. ágúst 1982. Hann er sex deilda leikskóli og í honum dvelja 105 börn og allt að 32 starfmenn.

**Hlutfall fagfólks í leikskólanum í stjórnun og kennslu er 63%.**

Meginstefna í starfi leikskólans er umhverfis- og náttúrustefna sem er í sífelldri þróun og endurmati.

Leikskólinn var fyrstur á landinu til að flagga Grænfánanum, 2003, og hefur verið í fararbroddi á landsvísu í umhverfismennt og útikennslu.

# Leikskólinn Norðurberg

Á Norðurbergi er starfað eftir uppeldisaðferðinni ***Að næra hjartað - ANH*** (e. the nurtured heart approach) sem byggir á hugmyndafræði Howard Glasser. Sú stefna leggur áherslu á jákvæð samskipti á milli barna í leik og námi og þar er gert ráð fyrir að starfsmenn leggi sig fram við að taka eftir börnunum þegar vel gengur og spegli athafnir þeirra í orðum. Þetta er gert með því að kenna samskipta- og umgengnisreglur áður en þær eru brotnar og umbuna fyrir jákvæða hegðun. Starfsmenn taka eftir og hrósa börnum fyrir það sem þau gera vel, til dæmis með því að segja: „ég tek eftir því hvað Óli er duglegur að sitja kyrr í samverustund, gott hjá þér" .....

# Í upphafi leikskólagöngu

Við upphaf leikskólagöngu á Norðurbergi fer ákveðið móttökuferli í gang sem tekur mið af móttökuáæltun leikskólans.

Foreldrar eru boðaðir í móttökusamtal hjá deildastjóra áður en barnið byrjar í leikskólanum.

Í samtalinu er meðal annars aflað upplýsinga um fjölskyldusögu, trúarbrögð, heilsufar, matarvenjur, mál- og hreyfiþroska barnsins.

Ef barn hefur verið seint til máls, með slakan framburð, er tvítyngt, heyrnaskert eða fjölskyldusaga um málörðugleika og/eða lesblindu, eru strax gerðar viðeigandi ráðstafanir til að styðja við málþroska barnsins.

# Móttökusamtal

- Eðlilegur málþroski
  - TRAS öll börn 2 -5 ára á sex mánaða fresti
  - Orðaskil öll 3 ára börn
  - Gerd Strand öll 4 ára börn
  - Hljóm 2 öll 5 ára börn
- Fjölskyldusaga um málfrávik/ lesblindu
  - Auka lestur á hverjum degi fyrir barnið eitt eða í litlum hópi barna
  - Staðan endurmetin eftir 3 mánuði, Orðaskil lagt fyrir ef þurfa þykir
  - Niðurstöður úr Orðaskil undir meðaltali
  - Samtal við foreldra, fræðsla og úrræði
  - Smábarnalistinn/ Íslenski þroskalistinn lagður fyrir
  - Einstaklings-námskrá
  - Staðan endurmetin á 3 mánaða fresti, beiðni til talmeinafræðings
- Málfrávik
  - Auka lestur á hverjum degi fyrir barnið eitt eða í litlum hópi barna
  - Orðaskil og Smábarnalistinn/ Íslenski þroskalistinn lagður fyrir
  - Samtal við foreldra, fræðsla og úrræði
  - Sérstakir málörvunartímar
  - Staðan endurmetin á 3 mánað fresti og viðeigandi inngrip ákveðin hverju sinni
- Tví- /fjöltyngi
  - Tala ísl. á deild, móðurmál heima
  - Auka lestur á hverjum degi fyrir barnið eitt eða í litlum hópi barna
  - Sérstakir málörvunartímar
  - Staðan endurmetin eftir 3 mánuði, samtal við foreldra
  - Inngrip ákveðin ef þurfa þykir

# Breytt vinnubrögð

Móttökuviðtal við foreldra nýrra barna/úrvinnsla/ferlar

Vinnum með hegðunar-og boðskiptareglur, s.k. *Bínureglur* *(sjá næstu glæru)*

Setjum upp sjónrænt dagskipulag fyrir alla *(sjá næstu glæru)*

Ritmál er sýnilegt inni á deildum / meira á eldri

Lestur fyrir öll börn á hverjum degi

Lestur fyrir tvítyngd/fjöltyngd börn aukalega alla daga / og á móðurmáli þegar það er hægt

Hvatning til foreldra um að lesa á hverjum degi / póstur sendur heim reglulega yfir skólaárið

Rammi fyrir hópastarf og málörvunarstundir *(sjá næstu glæru)*

Innleiddum námsefnið Tölum saman / Lubbi finnur málbein

Skimum öll þriggja ára (Orðaskil), fjögurra ára (Gerd Strand) og fimm ára börn (Hljóm 2) / TRAS fyrir alla

Settum upp ferla til að auðvelda fagleg vinnubrögð starfsmanna

# Undirstöðuþættir fyrir boðskipti



Bína lærir að sitja



Bína lærir að passa hendur



Bína lærir að hlusta



Bína lærir að bíða



Bína lærir að gera til skiptis



Bína lærir að muna


Klósett
Leikur
Samvera
Nónhressing


Undirstöðuþættir fyrir boðskipti
Bínureglurnar
Lesa
Lubbi
Umhverfismennt
Bless bless


Undirstöðuþættir fyrir boðskipti
Bínureglurnar
Lesa
Lubbi
Umhverfismennt
Bless bless

# Í upphafi skólaárs

## Ágúst og september

- Hópstjórar fá afhent sett af skýringarmyndum fyrir dagskrá hópastarfsins og gátlista /þroskalista fyrir hópinn
- Móttökusamtal vegna nýrra barna/ úrvinnsla/ferlar
- Kenna Bínureglur
- Setja upp sjónrænt skipulag
- Ritmál gert sýnilegt
- Lestur fyrir öll börn að lágmarki einu sinni til tvisvar á dag
- Auka lestur á hverjum degi fyrir börn sem eru tvítyngd börn, eiga fjölskyldusögu um málfrávik eða lesblindu og börn með málfrávik
- Nýta spilaflokkun

## Upphaf hópastarfs í september

- Lubbi finnur málbein<br>sjá ferla fyrir hvern aldur og muna byrja strax með málhljóðin
- Tölum saman - 4 og 5 ára börnin
- Orðaskil - 3 ára börn
- Gerd Strand<br>4 ára börn
- Hljóm2<br>5 ára börn
- TRAS<br>2-5 ára börn

# Umgjörð um hópastarf

Hópastarf hefst kl. 9:45

Hópurinn boðinn velkominn

Nafnakall

Farið yfir skipulag hópastarfstímans með myndum

(sjá glæru)

Farið yfir
*Bínureglurnar*

Sögubók
lesin

Lubbi finnur málbein (ekki með elstu börnunum)

Ítarefni / Lærum og leikum
með hljóðin

Verkefnavinna: spila, skapa, leika, umhverfismennt

Hópastarfið rifjað upp og börnin formlega kvödd með handabandi


Útikennsla / náttúruskoðun
Fernuferð/ tæma í gám
Lestur/ t.d. undir trjánum í austur-lóðinni/ útikennslu-stofan við Lund
Upprifjun/ formleg kveðja með handabandi
Hraunið okkar/ útkennslu-svæðið við Lund
Bók lesin/ sögð saga
Unnið markvisst með mál, stærðfræði og umhverfismennt
Upprifjun og formleg kveðja með handabandi


Orðaskil
Öll 3 ára börn/ miðað við fæðingardag og fyrr ef þarf
Eðlileg niðurstaða
Frávik í málþroska
Foreldrasamtal um niðurstöður
Samtal við foreldra, fræðsla og úrræði
Einstaklingsnámskrá
Staðan endurmetin eftir 3 mánuði
Inngrip og úrræði sniðin eftir þörfum, t.d. beiðni til talmeinafræðings

## Hópastarf

Í hópastarfi er meðal annars spilað á spil. Hópstjórar velja spil sem örva þá þætti málsins sem gagnast hópnum best.

Það er gert á þann veg að hópstjórinn heldur skráningu um þroska allra barna í hópnum sínum þar með talið skráningu á málþroska og útfrá þeirri skráningu er hægt að velja spil sem hentar hópnum hverju sinni.

Öll spil leikskólans eru flokkuð í litakóða eftir því hvaða þætti málsins þau örva og auðvelt fyrir hópstjóra að velja viðeigandi spil (sjá næstu glærur).


17. Flokkun á málörvunarefni á Norðurbergi
Framburður
Hljóðkerfi
Málfræði
Setningar
Stærðfræði
Málskilningur
Málnotkun
Orðaforði
Hlustun
Flokkun/röðun



Rythmes et perles
Jumbolino
jumbolino
Bingo Bears Game
lunch box
Félagsfærni spil
SEGDU SÖGU
Angelspiel
LOTTO
can you guess?
pizza, pizza!


Ask & Answer
Félagsfærni spil
Samstæðuspil
Samstæður
Samstæðuspil
Atburðarás
3 myndir í sögu
Hlutir sem tengjast – púsl
What's Wrong?
VOCAB BINGO
Parts of the Body
SELIÐ
Jeepers Peepers
Super Duper Publications
Learning to Sequence
SEGÐU SÖGU
Setningar
Hljóðkerfi
memory


RÁÐAGERÐ
SELIÐ
HLJÓÐGREINING
FYRSTA HLJÓÐ
RÍM
HLJÓÐGREINING
SÍÐASTA HLJÓÐ
SAMSETT ORÐ
HLJÓÐFLOKKUN
UMSKRÁNING
HLJÓÐTENGING

# Námsleiðir

Farið er í ýmsa málörvandi leiki með börnum í samverustundum og hópastarfi inni sem úti, svo sem að ríma, klappa atkvæði, taka í sundur orð og/eða setja þau saman, greina orð niður í smærri máleiningar, sagðar gátur og brandarar.

Námsefnið „Lubbi finnur málbein“ og „Lærum og leikum hljóðin“ er notað markvisst í samverustundum og í hópastarfi. Tveir elstu árgangarnir vinna í „Tölum saman“ í Töfrastundum, einu sinni til tvisvar í viku.

Við notum markvisst málörvunarefni í spjaldtölvum.

Bókasafn leikskólans er skráð eftir Dewey-kerfi bókasafna sem hluti af Bókasafni Hafnarfjarðar. Vinna er hafin við að skrá safnið eftir bókaflokkun snemmtækrar íhlutunar frá leikskólanum Akraseli.

Farið er reglulega á bókasafn bæjarins þar sem börnin fá tækifæri til að skoða og velja sjálf bækur til láns.

Við höfum tekið þátt ásamt foreldrum í *Allir lesa*, lestrarátaki á landsvísu. Við leggjum einnig áherslu á Dag íslenskrar tungu ár hvert.

# Málörvun tvítyngdra barna

Lesið er aukalega á íslensku fyrir öll tvítyngd börn einu sinni til tvisvar á dag strax frá upphafi leikskólagöngu þeirra.

Lesið er á móðurmálinu fyrir tvítynd börn að lágmarki tvisvar í viku þegar hægt er, þ.e þegar starfsfólk á leikskólanum á sama móðurmál og viðkomandi börn. Tvítyngd börn fara þar að auki í málörvunartíma tvisvar í viku með sérkennslustjóra eða leikskólakennara.

Sett er upp myndrænt dagskipulag fyrir börnin þannig að þau hafi betri yfirsýn yfir daginn og PECS-myndir notaðar til samskipta með tali þegar þess er þörf.

Þá eru foreldrar tvítyngdra barna sérstaklega hvattir til að lesa mikið fyrir börnin sín á móðurmálinu og að setja orð á hluti í kringum barnið á heimilinu og annars staðar.


Morgunmatur
Leikur
Hópastarf
Klósett
Hádegismatur
Hvíld
Leikur
Hópastarf
Klósett
Hádegismatur
Hvíld

# Ávinningur af hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar

Faglegri vinnubrögð starfsmanna leikskólans

Skýrt starfsumhverfi með ferlum sem auðveldar starfsmönnum að nálgast viðfangsefni sín og sníða þau að aldri og þroska barnanna

Fyrr gripið inn í þegar um frávik í máli er að ræða og skýrt kveðið á um hvernig skuli gripið inn í

Börnin áhugasöm um lestur bóka og ritmálið, sum farin að þekkja stafrófið, jafnvel farin að skrifa og hljóða 3-4 ára

Foreldrar orðnir meðvitaðri um mikilvægi málþroskans og að þeirra hlutverk sem uppalendur skipti höfuð máli í málþróun barnsins

# Takk fyrir!!!

